

Í tengslum við samkomulag mennta- og menningarmálaráðherra og Kennarasambands Íslands er gert ráð fyrir að í fjárlögum 2019 verði tekið tillit til endurmats áfanga sem tilheyra meginbreytingu skv. 7. grein kjarasamnings Kennarasambands Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytis. Í þessu bréfi er tilkynnt um áætlaða viðmiðunarupphæð sem hver skóli getur haft til grundvallar endurskoðunar á vinnumatí árið 2018. Einungis er gert ráð fyrir beingreiðslum haustið 2018. Frá og með árinu 2019 verður gert ráð fyrir þessu framlagi í viðmiðum reiknilíkans fyrir stúdentprófsflokkana 2a og 2b.

Útfærsla og skipting framlaganna fer fram í hverjum skóla, eftir kennsluviðum og með hliðsjón af áhrifum af breyttu námsskipulagi á kennslufyrirkomulagi á stúdentsbrautum s.b.r. niðurstöður Félagsdóms frá 22.sept. 2016. Ekki er gert ráð fyrir að meginbreytingin taki til áfanga á 1. hæfniprepi í kjarnagreinum.

Miðað er við að endurskoðuninni sé lokið fyrir 15. júní 2018 og komi til framkvæmda frá 1. ágúst 2018.

Ráðuneytið leggur áherslu á að skólar nýti vinnuáætlunarnefnd viðkomandi skóla og hafi í huga að áframhaldandi þróun og mótun vinnuáætla á að vera í hverjum framhaldsskóla í samræmi við faglegar áherslur.

Viðmiðunarupphæð XXXskóla er á ársgrundvelli kr. xxx en þar sem samkomulagið gildir frá 1. ágúst fær skólinn greitt árið 2018 kr. xxx